

Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haust 2012

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

SÁL104 Inngangur að sálfræði

Fjöldi framhaldsskólaeininga (fein)

(á ekki við)

Undanfari

Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Nemendur fá innsýn í fræðigreinina, helstu viðfangsefni hennar, rannsóknaraðferðir og sögu hennar. Fjallað verður um helstu sjónarmið í nútímasálfræði, ennfremur um minni og námstækni, viðbragðsskilyrðingu og tengsl hennar við daglegt líf, til dæmis ótta, lært bjargarleysi og áhrif auglýsinga; einnig um virka skilyrðingu í sambandi við t.d. uppeldi og hegðunarvandamál; og sjálfsmýnd og samskipti. Nemendur beiti vísindalegri aðferð og hugsun við gerð lítilla rannsókna.

Kennslugögn:

Inngangur að sálfræði eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttur.

Námsmat:

Rannsóknaráætlun (10%); rannsókn (20%); ýmis tímaverkefni og/eða próf (70%)

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- helstu sviðum sálfræðinnar og sögu hennar
- kenningum sem markað hafa þáttaskil í sálfræði
- hugmyndum þekkra sálfræðinga
- rannsóknar- og starfsaðferðum sálfræðinga
- rannsóknum þekkra sálfræðinga á borð við Pavlov og Skinner
- nýjum straumum í sálfræði á borð við "jákvæða sálfræði"
- gildi sálfræðinnar í daglegu lífi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina þá þætti sem sjálfsmynd er samsett úr
- beita hugökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan hátt
- greina grein fyrir niðurstöðum sálfræðirannsókna
- setja fram spurningar og taka þátt í umræðu um sálfræðilegt efni
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja sálfræðilega umfjöllun
- gera greinarmun á geðveiki og siðblindu
- afla sér upplýsinga um sálfræðileg efni, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt
- geta áttað sig á því hvenær málefni krefjast sálfræðilegrar umfjöllunar